

Mánudaginn 29. október 1945.

Nr. 62/1945. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Gunnar J. Möller)
gegn

Birni Viktorssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn, en réttarrannsókn málsins hefur framkvæmt settur héraðsdómari Ármann Snævarr.

Vegurinn, þar sem slysið varð, liggur um sléttlendi. Skurðir eru þar báðum megin vegarins og girðingar meðfram skurðunum. Maður sá, sem fyrir slysinu varð, hlýtur að hafa verið kominn yfir girðingu og skurð, áður en bifreiðina bar að. Ákærði sá ekki manninn, fyrr en hann var fram undan bilnum á næstum miðjum vegi í ekki yfir tveggja metra fjarlægð, en ákærði hafði ekki, að eigin sögn, þá yfirsýn yfir veginn fram undan, sem boðið er í 26. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 4. gr. umferðarlaga nr. 24 s. á. Telja verður, að orsök slyssins megi að miklu leyti rekja til hegðunar manns þess, sem fyrir því varð, en að nokkru leyti megi rekja slysið til þeirrar vangæzlu ákærða, sem áður er lýst.

Varðar brot ákærða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og fyrrgreind ákvæði bifreiða- og umferðarlaga, sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til rikissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Viktorsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd, áður en 4 vikur er liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur leyfi til að aka bifreið eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akranesskaupstaðar 31. janúar 1945.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. jan. s. l., er höfðað af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Birni Viktorssyni bifreiðarstjóra, Auðarstig 3 á Akranesi, fyrir brot gegn XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og bifreiðalögum nr. 23 frá 1941.

Ákærði, Björn Viktorsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. júní 1925. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Kl. um 8 árdegis 23. okt. 1944 var ákærði, Björn Viktorsson, á leið frá Akranesskaupstað inn í Innri-Akranesshrepp á vörubifreiðinni E 41, eign Ásmundar h/f, Akranesi, og stjórnaði ákærði bifreiðinni. Var ákærði einn í bifreiðinni, sem var í mjólkurflutningum, og var farmur hennar tómir mjólkurbrúsar og einn saltpoki, samtals um 300 kg að þyngd. Vegurinn var ekki blautur, en pollar í hjólförum. Þegar ákærði hafði ekið um 10 mínútur frá síðasta viðkomustað á Akranesi, var komið að beygju, sem er á veginum. Á miðri beygjunni var pollur, og slettist aur og bleyta úr honum upp á framrúðurnar. Lét ákærði þá þurrkuna á rúðunni taka til starfa, og þó hún fljótlega óhreinindin burt á svæði því, er hún náði til. Á annarri framrúðunni var engin slík þurrka, enda ekki vanalegt að hafa nema eina þurrku á vörubifreiðum. Að því búnu

hugaði ákærði yfir veginn, og sá þá ekkert, er varast þyrfti, hvorki menn eða skepnur, þótt hann hefði þá gott útsýni yfir veginn. Skammt innan við beygjuna var annar pollur á veginum, og slettist örllítill bleyta úr honum á rúðurnar. Byrgði þessi bleyta ekki verulega fyrir útsýni, og vann þurrkan á henni fljótlega. Rétt áður en þetta gerðist, kom sólin upp, enda var heiður himinn, og skein sólin beint á móti ákærða eftir veginum og dró úr glöggu útsýni. Ákærði ók á ekki yfir 25 km hraða á klst., en mjög skömmu eftir að komið var yfir síðari pollinn, sem áður er getið, sá hann allt í einu mann alveg við framenda bifreiðarinnar, eða á að gizka 2 metra frá henni að framan. Hemlaði ákærði þá bifreiðina með því að tvístíga hemlana, en tókst ekki að stöðva hana nógu fljótt til þess að forða slysi. Féll maðurinn, sem reyndist vera Ari Jörundsson, til heimilis að Sólmundarhöfða í Innri-Akranesshreppi, 72 ára að aldri, á veginn og hlaut svo mikil meiðsl, að hann beið bana af 2—3 klst. síðar.

Á þessa lund hefur ákærði skýrt frá atvikum að þessu slysi, og er hann þar einn til frásagnar, því að enginn annar en Ari sál. Jörundsson virðist hafa verið nálægt, þar sem slysið varð, en Ari sál. var svo aðframkominn eftir slysið og rænulítill, að hann gat ekki skýrt frá tildrögum þess.

Bifreiðin virðist hafa verið í sæmilegu lagi, en þó virðast hemlarnir á bifreiðinni ekki hafa verið alveg í bezta lagi. Hraðinn var ekki mikill, en aurbleyta á framrúðum og skin sólarinnar í andlit ákærða virðist hafa torvelað útsýni hans verulega um það leyti, er slysið varð. Veður var hjart og heiður himinn, vegurinn liggur um sléttlendi, þar sem ekkert skyggir á né hindrar útsýn. Líkur benda til, að Ari sál. Jörundsson hafi hlaupið í veginn fyrir bifreiðina og ætlað að ná tali af bifreiðarstjóranum, en hætt sér of langt inn á veginn og verið of nærri bifreiðinni, til þess að bifreiðarstjórinn, sem virðist hafa gert allt, sem í hans valdi stóð, eftir að hann kom auga á manninn, til að afstýra slysi, gæti hindrað, að bifreiðin rynni yfir Ara sál.

Ákærði fékk ökuskirteini 12. janúar 1944, að afloknu svonefndu minna bifreiðarstjóraprófi. Hann byrjaði að aka bifreiðinni E 41 í mjólkurflutningum inn í Innri-Akranesshrepp í maí 1944 og hélt því áfram óslitið, þar til áðurgreint slys varð, og ekkert ökuslys hefur hent hann fyrr en þetta. Ari sál. Jörundsson er af tveim vitnum í máli þessu talinn hafa verið óvenjulega „vogaður“ við bifreiðar. Ekki verður þó talið líklegt, að Ari sál. hafi hlaupið samsiða bifreiðinni og komið þannig fram úr henni til að reyna að stöðva hana, þó slíkt gæti verið hugsanlegur möguleiki, heldur þykir líklegast, að hann hafi komið á veginn frá hlið framan við bifreiðina. Þar sem ákærði hafði sólskinið beint í andlitið og aurbleyta var á rúðunum, var rík ástæða fyrir ákærða að gæta ýtrustu

varúðar með ökuhraðann, á meðan útsýni var svo torvelt, sem áður segir.

Rétturinn lítur svo á, að þess verði undantekningarlaust að krefjast af bifreiðarstjóra, að hann taki eftir fólki, sem nálgast bifreið hans að framanverðu. Ef útsýn er erfið sökum sólskins eða bleytu á rúðum bifreiðarinnar, er því ríkari ástæða til þess að fara varlega og gæta vel að öllu og halda rúðum bifreiðarinnar hreinum, svo sem unnt er. Í málinu er ekkert sannað um það, hvornig ferðum Ara heitins Jörundssonar var háttað að öðru leyti en því, að hann var staddur framan við bifreiðina, áður en slysið varð, án þess að ákærði veitti honum eftirtekt fyrr en um seinan. Þykir það aðgæzluleysi hans, sem telja verður aðalorsök slyssins, varða við 215. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá $1\frac{1}{2}$ 1940 og 26. gr. 1. málsgr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1% 1941, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

En með tilliti til ungs aldurs hans þykir mega ákveða refsinguna skilorðsbundna, þannig að hún falli niður að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði sætir eigi ákæru eða refsingu fyrir lagabrot, er varðar þyngri refsingu en sektum innan þess tíma.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Jóns hrl. Ásbjörnssonar, Reykjavík, er ákveðast 250 krónur.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Viktorsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Refsingunni skal fresta og hún niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði sætir eigi ákæru eða refsingu innan þess tíma fyrir lagabrot, er varðar þyngri refsingu en sektum.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar hrl., Reykjavík, kr. 250.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.